


# Akureyri og nágrenni

## Akureyri and closest surroundings



# Nöfn listamanna og staðsetning verka

## Names of artists and places of display

1. Anna Gunnarsdóttir - 1a: Vinnustofan Svartfugl og Hvítspói, Brekkugötu 3a  
1b: Fæðingardeild FSA  
1c: Heilsugæslustöðin á Akureyri, 4. hæð
2. Arnar Ómarsson og Sean Millington: Innsetning - staðsetning auglýst síðar (sjá [www.freyjumyndir.blog.is](http://www.freyjumyndir.blog.is))
3. Bryndís Kondrup: Flugstöð Akureyrar
4. Dagrún Matthíasardóttir: Landsbankinn, Ráðhústorg
5. Erika Lind Ísaksen: Ketilhúsið, á skrifstofuveggnum
6. Georg Hollanders: Bærinn Litli Hvammur í Eyjafjarðarsveit - fyrsti bærinn sunnan við Kjarناسkóg, verkið má finna í litilli myrarlauð norðan og neðan við bæinn
7. G. Hadda Bjarnadóttir: Í grænu brekkunni við Barmahlíð á móti Sunnuhlíð
8. Guðbjörg Ringsted: Glugginn á Mimósu blómabúð, Glerártorg
9. Guðný Kristmanns: Rósagarðurinn, Hótel KEA
10. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir: Galleri +, Brekkugötu 35 (úteggur)
11. Hallgrímur Ingólfsson: Norræna upplýsingastofan, Kaupvangsstræti (sami inngangur og Deiglan)
12. Hanna Hlíf Bjarnadóttir: Fæðingardeild FSA (opíð á heimsóknartímum)
13. Hjördís Frimann: Flugstöð Akureyrar
14. Hlynur Hallsson: Flugstöð Akureyrar
15. Hrefna Harðardóttir: Sundlaug Akureyrar, kaffistofa
16. Jón Laxdal: Frúin í Hamborg
17. Kristján Pétur Sigurðsson: Fyrir utan Populus Tremula
18. Laufey Pálsdóttir: Abaco, heilsulind
19. Ólafur Sveinsson: Penninn/Bókval, miðbæ Akureyrar
20. Ragnheiður Þórsdóttir: Galleri Stóllinn, Kaupvangsstræti
21. Rósa Júlíusdóttir: Heimilisgarðurinn Birkilundur 9
22. Sigríður Ágústsdóttir: Amtsbókasafnið á Akureyri
23. Sveinbjörg Hallgrímsdóttir: Vinnustofan Svartfugl og Hvítspói og snyrtistofan Hár og Heilsa
24. Sunna Valgerðardóttir: Akureyrar Akadémin, í gluggum og vegg innandyra
25. Þórarinn Blöndal: Laxdalshús, opíð um helgar frá 14-17
26. Þorsteinn Gíslason (Steini): To think/do think - Þrjú verk á Akureyri þar sem hægt er að vera einn með sjálfum sér og náttúrunni, þó í þéttbýli. Verkin finnast með hnitunum:

N:65.41.862  
V:18.06.504

N:65.41.265  
V:18.06.969

N:65.39.635  
V:18.05.108



Freyjumyndir er hluti af viðburðaröðinni Vitið þér enn, eða hvað? Viðburðirnir eru á vegum Mardallar - félags um menningararf kvenna.

Tilgangur félagsins er að grafa eftir, finna, safna, spinna, rýna í, hlúa að, rækta, dreyma, magna, vefa og miðla menningararf og auði kvenna frá fornöld til framtíðar. Sérstök áhersla er lögð á þann arf og auð sem býr í rótum íslenskra kvenna, norrænum og keltneskum, en heimurinn allur er þó vettvangur Mardallar.



*Mardöll - association of women's cultural heritage, presents the series of events: Vitið þér enn - eða hvað? (Would you know more - or what?) See [www.mardoll.blog.is](http://www.mardoll.blog.is)*

#### **Vitið þér enn - eða hvað?**

Viðburðaröðin sækir yfirskrift sína í orð völunnar úr Völuspá. Óðinn kallar eftir hjálp völunnar, þegar hann stendur ráðalaus frammi fyrir endalokum þess heims sem hann þekkir. Hún bendir honum á hvernig hann og vald-hafar hans tíma hafa leitt yfir bæði mannheim og goðheim spillingu, græðgi, blindu og stríð og hvernig þeir hafa margendurtekið reynt að myrða gyðjuna Gullveigu, sem er ein myndbirting völunnar og sjálfrar Freyju. Hún segir honum að ný jörð muni rísa og þá sé mikilvægt að finna hinar gullnu töflur, viskuna sem týndist forðum, en er falin í grasi nýborinnar jarðar. Og margendurtekið spyr hún hann: *Vitið þér enn - eða hvað?*

Myndirnar af Freyju, á sýningunni, sækir hugmyndina úr þessum forna norræna menningararf. Freyja er enn í dag mikilvæg gyðja frjósemi, ástar, fegurðar, visku, velferðar og stríðs svo eitthvað sé nefnt. Hún hefur verið dád af báðum kynjum og því forvitnilegt að sjá hvernig listamenn á Íslandi tjá hana og túlka í dag.

Viðburðaröðin hófst í júní 2009 og lýkur með fjölbjóðlegri ráðstefnu sumarið 2010.



RARIK ER MÁTTARSTÓLPI MENNINGAR Í EYÞINGI

## Freyja

Freyja er tignust með Frigg. Hon giftist þeim manni, er Óðr heitir. Dóttir þeirra er Hnoss. Hon er svá fögur, at af hennar nafni er hnossir kallaðar, þat er fagrt er ok gersamligt. Óðr fór í braut langar leiðir, en Freyja grætr eftir, en tár hennar er gull rautt.

Freyja á mörg nöfn, en sú er sök til þess, at hon gaf sér ýmis heiti, er hon fór með ókunnum þjóðum að leita Óðs. Hon heitir Mardöll ok Hörn, Gefn, Sýr. Freyja átti Brisingamen. Hon er ok kölluð Vanadís." (Snorra Edda, Gylfaginning, ch. 35)



*Freyja is greatest [among the goddesses] with Frigg. She married a man called Óðr. Their daughter is Hnoss. She is so beautiful, that from her name, that which is beautiful and precious is called hnossir [jewels / treasures]. Óðr went away on long travels, but Freyja weeps for him, and her tears are red gold.*

*Freyja has many names, and the reason is that she referred to herself in different ways, when she traveled among foreign peoples, looking for [her husband] Óðr. She is called Mardöll - 'Shining Sea' and Hörn - 'flax', Gefn - 'Giving One' and Sýr - 'Sow'. Freyja owns Brisingamen. She is also called Vanadís.*



# Freyjumyndir

Images of Freyja



21. 06. - 22. 09. 2009

Samsýning eyfirsks listafólks um gyðjuna Freyju

*A joint exhibition by artists from Akureyri and surroundings, displaying various aspects of the Goddess Freyja*

Sýningarstjóri/curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir  
[www.freyjumyndir.blog.is](http://www.freyjumyndir.blog.is)